



#### **400. fundur Þingvallanefndar.**

400. fundur Þingvallanefndar var haldinn á nefndasviði Alþingis í Austurstræti 8–10 föstudaginn 19. apríl 2013 og hófst hann kl. 13:30. Fundarmenn voru Álfheiður Ingadóttir formaður, Sigurður Ingi Jóhannsson, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Þuríður Backman, Valgerður Bjarnadóttir, Ragnheiður Elín Árnadóttir (í símasambandi við 1. dagskrárlið). Auk nefndarmanna sátu fundinn Einar Á. Sæmundsen fræðslufulltrúi þjóðgarðsins og Þröstur Freyr Gylfason, starfandi ritari Þingvallanefndar, sem ritaði fundargerð. Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður var í sambandi með fjarfundarbúnaði.

Formaður setti fund og upplýsti að Björgvin G. Sigurðsson og Ragnheiður Elín Árnadóttir kæmst ekki til fundarins.

#### **1. Samkomulag við Landssamband stangaveiðifélaga um eftirlit með næturveiði og kynningarstarf um veiði í Þingvallavatni (sjá fylgiskjal).**

Formaður lagði fram drög að sameiginlegri yfirlýsingu um áframhald næturveiða í Þingvallavatni í sumar en þjóðgarðsvörður hefur undirritað samkomulagið með fyrirvara um samþykki Þingvallanefndar. Í því felst að áfram verður heimilt að veiða um nætur eins og verið hefur í landi þjóðgarðsins. Nætureftirliti verður á vegum Þingvallanefndar og stangaveiðimanna. Einnig fræðslu um góða umgengni og veiðar. Landssamband stangaveiðifélaga kemur að málinu fyrir hönd stangaveiðimanna ásamt Veiðikortinu. Settur verður á laggirnar samstarfshópur sem útfærir samkomulagið nánar áður en veiðitímabilið hefst 1. maí n.k.

Ragnheiður Elín Árnadóttir lagði áherslu á að þetta yrði gert í samvinnu og samráði við veiðimennina. Ef þeir væru sáttir væri hún tilbúin að styðja samkomulagið. Þjóðgarðsvörður taldi niðurstöðuna farsæla og uppfylla áðurnefnd atriði. Þuríður Backman taldi mikilvægt að tryggja frið og ró í þjóðgarðinum um nætur og að ekki væri notuð ólögleg beita við veiðar en hún féllist á það fyrirkomulag sem stefnt væri að með samkomulaginu. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fagnaði samkomulaginu. Hún óskaði eftir að bókað yrði að hún teldi að rangt hefði verið farið að í þessu máli á fyrri stigum. Sigurður Ingi Jóhannsson tók undir orð Þorgerðar Katrínar en áréttaði að hann hefði stutt fyrri afstöðu nefndarinnar og kvaðst mjög hlynntur þessari niðurstöðu. Þjóðgarðsvörður benti á að hin mikla umræða í samfélaginu hefði orðið til þess að veiðimenn hefðu fylkt sér um Þingvallavatn og verndun þess. Hann taldi að rétt hefði verið að öllu staðið. Nú væru allir aðilar málsins ákveðnir í að ýta deilum til hliðar og væru sáttir.

Formaður færði þjóðgarðsverði þakkir fyrir að taka vel á málum og lýsti von sinni um að umgengni batnaði. Nú væru tímamót í þessu máli og lagði til að yfirlýsingin yrði samþykkt.

Samkomulagið var samþykkt einróma.

#### **2. Staðfesting á fyrri samþykkt nefndarinnar v. tilboðs í þrjú sumarhús í landi Gjábakka í þjóðgarðinum.**

Allir nefndarmenn í Þingvallanefnd samþykktu í tölvupósti hinn 13. þ.m. að óska eftir því við forsætisráðuneytið að 6. gr. heimild fjárlaga 2013 (liður 6.11) yrði nýtt og gengið frá samningum Þingvallanefndar við LBI hf. um kaup ríkissjóðs á þremur sumarhúsum neðan vegar í Gjábackalandi, (Gjábackaland 1, 3 og 5), á grunni verðmats sem unnið var fyrir Þingvallanefnd. Formaður gerði grein fyrir aðdraganda málsins og gögnum sem lögð voru fram á fundinum. Formaður taldi tilboðið hagkvæmt fyrir ríkissjóð og mikilvægt fyrir þjóðgarðinn að eignast með þessum hætti öll húsin þrjú sem nú standa neðan vegar í Gjábackalandi. Markmið nefndarinnar er að leggja af sumarhúsabyggð á

Þessu svæði í samræmi við stefnumörkun þjóðgarðsins 2004-2024 um miðstöð útivistar í austanverðum þjóðgarðinum í landi Gjábakka sem og ábendingar UNESCO. Samþykki nefndarinnar var staðfest og bókað.

### **3. Hugmyndaleitin: Ljóðahringur á þjóðargrafreitnum.**

Skv. framkvæmdaáætlun ársins 2013 sem samþykkt var á síðasta fundi er stefnt að því að hrinda í framkvæmd tillögu sem fram kom í hugmyndaleitinni 2012 um ljóðahring á þjóðargrafreitnum á Þingvöllum. Lagðar voru fram teikningar frá teiknistofunni Landslagi. Formaður lagði til að þjóðgarðsvörður héldi áfram með málið en byrjað yrði á því að leita afstöðu biskupsstofu og forsætisráðuneytis. Formaður vakti athygli á íslenskri hönnun að bekkjum sem er til skoðunar.

Samþykkt samhljóða.

### **4. Fjármögnum framkvæmda á Hakinu.**

Formaður gerði grein fyrir því að umsókn Þingvallanefndar um fjárfestingarstyrk úr Framkvæmda-sjóði ferðmannastaða hefði verið synjað við síðari úthlutun úr sjóðnum. Við fyrri úthlutun fékkst 20 milljón króna styrkur gegn því að lögð yrði fram sama fjárhæð á móti en ekki er gert ráð fyrir þeim útgjöldum í fjárhagsáætlun ársins. Formaður kvað enn leitað leiða til að koma nauðsynlegu skipulagi á umferðarmál á Hakinu og til að tengja göngubrúna við útsýnispalli á Hakinu.

### **5. Erindi Íslensku heimsmínjanefndarinnar vegna undirbúnings tilnefningar af Íslands hálfu á heimsmínjaskrána.**

Formaður lagði fram erindi frá Íslensku heimsmínjanefndinni, dags. 12. apríl s.l. vegna undirbúnings tilnefningar á heimsmínjaskrá UNESCO.

Þingvallanefnd lýsir ánægju með að undirbúningur er hafinn að tilnefningu Þingvallasvæðisins sem náttúruminja á heimsmínjalista UNESCO en svæðið var sett á yfirlitsskrá Íslands 2011. Á þessu stigi er óskað eftir greinargóðu yfirliti yfir þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á náttúru Þingvallasvæðisins: jarðfræði, landslagi, landmótun og vatnafari en einnig á sviði vatnalíffræði og á gróðurfari. Nefndin samþykkti að tillögu formanns að leitað yrði til Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna þessa yfirlits og felur þjóðgarðsverði að leiða verkefnið áfram að öðru leyti.

### **6. Könnun á frárennsli og vatnstöku í sumarhúsum í þjóðgarðinum.**

Formaður gerði grein fyrir stöðu málsins og upplýsti að skýrsla Heinbrigðiseftirlits Suðurlands um athugun á frárennsli og vatnstöku við sumarhús í þjóðgarðinum yrði lögð fram á næstu vikum. Ákveðið var að hefja þessa könnun á árinu 2011 og lýsti formaður vonbrigðum með hversu lengi þessi vinna hefur dregist. Lagði formaður áherslu á að væntanlegri skýrslu yrði fylgt eftir og byrjað yrði á því að upplýsa sumarhúsaeigendur um efni hennar. Nefndarmenn tóku undir orð formanns.

### **7. Önnur mál.**

#### **a. Fundaafmæli Þingvallanefndar.**

Í tilefni af 400. fundi Þingvallanefndar gerði formaður stutt fundarhlé og tók ljósmyndari mynd af nefndarmönnum í tilefni þess.

#### **b. Neðristígur 3.**

Í bréfi dags. 18. apríl 2013 óskar lóðarleiguhafi eftir að fá að framselja 60% eignarhlut í sumarhúsi sínu að Neðristíg 3, til dóttur sinnar. Óskað er eftir að Þingvallanefnd falli frá forkaupsrétti sínum.

Erindið var samþykkt með eftirfarandi skilmálum:

Samkvæmt gildandi byggingarskilmálum Þingvallanefndar eru ekki veitt leyfi til byggingar nýrra frístundahúsa innan marka þjóðgarðsins á Þingvöllum. Þingvallanefnd getur þó veitt undanþágu í sérstökum tilvikum. Heimilt er að viðhalda þeim byggingum sem eru fyrir eru á lóðum innan þjóðgarðsins. Afla þarf leyfis Þingvallanefndar fyrir öllum framkvæmdum, þ.m.t. viðhaldi og breytingum á byggingum, innan þjóðgarðsins sbr. ákvæði 5. gr. gildandi lóðarleigusamnings sbr. einnig 5. gr. laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004.

Umsóknir um byggingarleyfi skal senda til byggingaryfirvalda Bláskógabyggðar sem annast öll samskipti við Þingvallanefnd og aflar leyfis nefndarinnar.

Allar framkvæmdir innan þjóðgarðsins, þ.m.t. viðhald fasteigna, skulu uppfylla ákvæði laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004 og reglugerðar um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 848/2005 og vera í samræmi við ákvæði gildandi laga og stjórnvaldsfyrirmæla þar að lútandi á hverjum tíma, þ.m.t. byggingarskilmála Bláskógabyggðar.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er á vatnsverndarsvæði sem heyrir undir eftirlit Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Óheimilt er að gera nokkuð það sem getur spillt eða mengað vatn innan þjóðgarðarins, bæði vatn á yfirborði og grunnvatn sbr. ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ og reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns.

Með vísan til þess að lóðarleiguhafi geri framsalshafa grein fyrir ofangreindum skilyrðum sem og hann fallist á þau, fellur Þingvallanefnd frá forkaupsrétti og heimilar framsal á 60% eignarhluta að Neðristíg 3.

### **c. Kajakbátar.**

Lagt fram erindi frá Regin Grímssyni dags. 8. apríl s.l. um að banni við kajökum út frá landi þjóðgarðsins yrði aflétt nú þegar. Formaður lagði til að afgreiðslu erindisins yrði frestað og þjóðgarðsverði verði falið að ræða við bréfitara. M.a. þarf að kanna hvort og þá hvar má koma upp aðstöðu til að setja út kajaka svo framarlega sem menn sigli á eigin ábyrgð og að fyllsta öryggis sé gætt. Samþykkt.

Valgerður Bjarnadóttir vék af fundi undir þessum dagskrárlið.

### **d. Fyrirhugaðar breytingar á gatnamótum á Þingvallavegi að Haki.**

Formaður lagði fram og kynnti tillögu Vegagerðarinnar um breytingu á gatnamótum Þingvallavegar að Haki og lýsti efasemdum um útfærsluna. Sigurður Ingi Jóhannsson taldi framkomna tillögu ekki ganga miðað við þann umferðarpunga sem þarna væri. Formaður lagði til að nefndin óskaði eftir nýrri útfærslu sem miðaðist í raun við þann umferðarpunga sem væri um gatnamót á Þingvallavegi að Haki og vísaði til gatnamóta Suðurlandsvegar að Landeyjahöfn sem fordæmis. Samþykkt.

### **e. Minnisblað um umhverfisvöktun í Þingvallavatni.**

Formaður vísaði til skýrslu um fimm ára vöktun á umhverfisþáttum í Þingvallavatni sbr. 395. fund, og skýrði frá því að umhverfisráðherra hefði hinn 16. apríl s.l. lagt fram í ríkisstjórn minnisblað um framhald vöktunar og stofnun samráðsvettvangs um málefni Þingvallavatns. Nefndin ítrekar bókun frá áðurnefndum fundi og nefndarmenn lýstu vilja til að festa vöktunina í sessi í samráði við umhverfisráðuneyti, sveitarfélögin og heilbrigðiseftirlitið.

### **f. Þakkir formanns.**

Formaður þakkaði nefndarmönnum við lok kjörtímabilsins fyrir gott samstarf, sem og starfsmönnum þjóðgarðsins og þjóðgarðsverði. Formaður upplýsti að þar sem nefndin væri stórnýslunefnd héldi hún umboði sínu þar til ný nefnd hefði verið skipuð.

Þuríður Backman þakkaði formanni fyrir að halda vel og röggsamlega utan um málefni þjóðgarðsins á Þingvöllum í Þingvallanefnd. Sigurður Ingi Jóhannsson þakkaði sömuleiðis fyrir samstarfið í Þingvallanefnd og við starfsmenn þjóðgarðsins.

Fleira var ekki gert.  
Fundi slitið kl. 14:13.